

**529. fundur skipulags- og mannvirkjanefndar
haldinn í fundarsal bæjarstjórnar í Stjórnsýsluhúsinu á Ísafirði, 13. nóvember
2019 og hófst hann kl. 08:15.**

Fundinn sátu:

Sigurður Mar Óskarsson formaður, Þóra Marý Arnórsdóttir aðalmaður, Smári Karlsson aðalmaður, Jóna Símonía Bjarnadóttir varamaður og Ragnar Ingi Kristjánsson varamaður.

Embættismenn:

Axel Rodriguez Överby, skipulags- og byggingarfulltrúi.

Fundargerð ritaði: Axel Rodriguez Överby, skipulags- og byggingarfulltrúi.

Gunnar Páll Eydal mætti til fundar kl. 09:15 og vék af fundi 09:40 undir lið 5

Dagskrá:

1. Ósk um heimild til að byggja óverulega út fyrir byggingarreit. Daltunga 3 - 2019110008

Ívar Már Valsson óskar eftir því við bæjaryfirvöld að heimila óverulegt frávík frá deiliskipulagi, úthorn íbúðarhúss nær 1.2 m útfyrir byggingarreit á lóð bakatil.

Skipulags- og mannvirkjanefnd heimilar frávík.

2. Mjósund 2/Mávagarður Ísafirði - oliubirgðastöð. - 2009020030

Kynntur tölvupóstur dags. 30.10.2019 frá Gesti Guðjónssyn hjá Oliudreifingu ehf.

Lagt fram sem trúnaðarmál

Gögn kynnt.

3. Ofanflóðavarnir, neðan Gleiðarhjalla, endurskoðun hættumats. - 2017020148

Kynntur tölvupóstur frá Veðurstofu Íslands dags. 04.11.2019 vegna endurskoðunar hættumats, vegna ofanflóðavarna neðan Gleiðarhjalla.

Gögn kynnt.

4. Fjárhagsáætlun 2020 - 2019030031

Kynntar eru gjaldskrár fyrir árið 2020 vegna gatnagerðar- og byggingarleyfisgjalda ásamt gjaldskrá fyrir skipulagsbreytingar og framkvæmdaleyfi.

Skipulags- og mannvirkjanefnd samþykkir tillögu skipulags- og byggingarfulltrúa og vísar gjaldskránum til bæjarráðs.

5. Dýpkun Sundahafnar og uppdæling efnis. - 2019060026

Lagður fram tölvupóstur dags. 1. nóv. 2019 frá Gunnari Páli Eydal, vegna uppdælingar efnis við Sundabakka, Ísafirði.

Gunnar Páll Eydal mætti til fundar 09:15 og vék af fundi 09:35

Skipulags- og mannvirkjanefnd telur að þörf sé á frekari hæðarmælingum á Suðurtanga í framhaldi verkefnis.

6. Umsókn um stækkun á lóð, Skipagötu 15 - 2019070028

Stækkun lóðar við Skipagötu 15, Ísafirði var grenndarkynnt fyrir aðliggjandi lóðarhöfum Skipagötu 17 og Tangagötu 4, sbr. 44 gr. skipulagslaga 123/2010. Frá og með 10. sept. 2019 til og með 11. okt. 2019, ekki voru gerðar athugasemdir af hálfu aðliggjandi lóðahafa.

Skipulags- og mannvirkjanefnd leggur til við bæjarstjórn að heimila stækkun lóðar, að Skipagötu 15, ekki bærust neinar athugasemdir á grenndarkynningartímabili.

7. Landamerki milli Engidals og Korpudals, yfirlýsing - 2019110015

Guðmundur Jens Jóhannsson óskar eftir því við skipulagsyfirkvöld Ísafjarðarbæjar f.h. landeigenda jarðarinnar Efri- og Neðri Engidals, að landamerki annarsvegar á milli Efri- og Neðri Engidals og Kirkjubóls í Korpudal, í Ísafjarðarbæ, verði staðfest. Framlögð gögn eru hnitsettur uppdráttur frá Verkis dags. 24.10.2018 undirritaður af hálfu landeigenda, ásamt undirritaðri yfirlýsingu um landamerkin.

Skipulags- og mannvirkjanefnd felur skipulags- og byggingarfulltrúa að ljúka erindi.

8. Sunnuholt - Fyrirspurn um byggingarleyfi - 2019100003

Lagðir eru fram tölvupostar frá Gauta Geirssyni dags. 19.09.2019 og 27.09.2019. Í tölvupóstum er afstöðu nefndar óskað til viðbótarlóðar og einbýlishúss, í Sunnuholti á landi Góustaða, lóðin yrði Sunnuholt 5.

Skipulagsfulltrúa falið að vinna málið áfram.

9. Kláfur upp Eyrarhlíð - 2019070011

Lagður fram tölvupóstur frá Arkiteo dags. 30. okt. sl, f.h. Odin Skylift, þar sem óskað er eftir lóðum vegna fyrirhugaðs kláfs upp á Gleiðarhjalla. Fylgiskjöl eru uppdrættir dags. 09.07.2019.

Skipulags- og mannvirkjanefnd óskar eftir afstöðu bæjarráðs til erindis.

10. Fyrirspurn Isavia um belgi í Kubba - 2019110028

Arnór Magnússon óskar eftir heimild f.h. Isavia að setja Orange belgi í Hafrafellsháls, m.t.t. staðsetninga á hindranaljósum vegna sjúkraflugs að næturlagi. Fylgigögn eru tölvupostar dags. 07.11.2019

Nefndin samþykkir uppsetningu belgja og óskar eftir frekari upplýsingum um tegund ljósa.

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 10:15

Sigurður Mar Óskarsson

Þóra Marý Arnórsdóttir

Smári Karlsson

Jóna Símonía Bjarnadóttir

Ragnar Ingi Kristjánsson

Axel Rodriguez Överby